

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Árni Knudsen Eiríksson, sæti fangelsi í eitt ár, en gæzluvarðhald hans frá 8. janúar 1956 til þessa dags komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1956.

Nr. 64/1956. Ákærvaldið (Einar Ásmundsson)

gegn

Eggert Kristjánssyni

og

Gunnari Kristni Hansen

(Vilhjálmur Jónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 4. október 1955 var ákærða Eggert Kristjánssyni dæmd fangelsisvist 5 mánuði, ævilöng svipting ökuleyfis og greiðsla skaðabóta, að fjárhæð kr. 37.000.00, fyrir töku á bifreiðum ófrjálsri hendi oftsinnis til aksturs, fyrir ölvun við akstur og fyrir stórfellt slys, er hann olli við slíkan akstur. Með hliðsjón af athæfi hans, því er greint var, þykir refsing hans fyrir verknað þann, sem hann nú er sóttur til sakar fyr-

ir, hæfilega ákveðin fangelsi 9 mánuði. Að öðru leyti má staðfesta héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Eggert Kristjánsson sæti fangelsi 9 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærðu, Eggert Kristjánsson og Gunnar Kristinn Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar og Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1956.

Ár 1956, fimmtudaginn 9. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 305—306/1956: Ákærvaldið gegn Eggert Kristjánssyni og Gunnari Kristni Hansen, sem dómtekið var 1. febrúar s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 26. janúar s.l., gegn Eggert Kristjánssyni verkamanni, Höfðaborg 3, og Gunnari Kristni Hansen verkamanni, Höfðaborg 18, hér í bæ, fyrir að hafa laugardaginn 19. nóvember s.l. í heimildarleysi tekið bifreiðina R 5855, þar sem hún stóð við Hlégarð í Kjós, svo og er málið höfðað gegn ákærða Eggert fyrir að hafa nefnt kvöld og aðfaranótt laugardagsins 20. nóvember s.l. ölvaður og sviptur bifreiðastjóraréttindum ævilangt ekið bifreiðinni frá Hlégarði til Reykjavíkur, þaðan til Hafnarfjarðar og aftur til Reykjavíkur, hratt og ógætilega vestur Skothúsveg með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á bifreiðina R 7573 á mótum Skothúsvegar og Suðurgötu. Þá er málið og höfðað gegn ákærða Eggert fyrir að neyta áfengis við framangreindan akstur svo og fyrir að hverfa brott af slysstaðnum án þess að gera lögmætar ráðstafanir.

Með hinni óheimilu töku bifreiðarinnar R 5855 þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Önnur brot ákærða Eggerts, sem að framan getur, teljast varða við 1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 23. gr., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 29. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 svo og við 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 9. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og við 37. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu skaðabóta. Þá er þess og krafizt, að ákærði Eggert verði sviptur rétti til að öðlast bifreiðarstjóraréttindi samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Loks er þess krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Báðir eru ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Eggert er fæddur 10. febrúar 1931 í Grindavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

- 1950 18/11 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1951 6/2 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir snjókast á fólk.
- 1952 14/10 Reykjavík. Kærður fyrir ökugjaldsvanskil. Greiddi bætur. Fellt niður.
- 1953 7/4 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1954 11/5 Keflavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. laga nr. 58/1954.
- 1955 7/3 Keflavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.
- 13/4 Keflavík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á tolllögum.
- 28/7 Reykjavík. Sátt 1200 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.
- 27/6 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun á veitingastað.
- 4/10 Reykjavík. Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur ökuleyfi ævilangt, greiði 37.000,00 kr. skaðabætur fyrir brot á 219., 257. og 259. gr. hegningarlaga, 20., 23., 26. og 27. gr. bifreiðalaga o. fl.
- 29/10 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.

Ákærði Gunnar Kristinn er fæddur 5. marz 1932 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

- 1949 26/1 Reykjavík. Kærður fyrir innbrot. Fellt niður með bréfi Dómsmálaráðuneytis, dags. 12/4 1949, enda

- verði kærði háður eftirliti barnaverndarnefndar Reykjavíkur til 20 ára aldurs og komið burt úr bæn-um til langdvalar.
- 14/9 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið ið í 5 ár. Sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
 - 1950 17/1 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 - 3/2 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. 1500.00 kr. skaðabætur í sama máli. Brot á 244. gr. hegningarlaga.
 - 29/3 Reykjavík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
 - 1951 2/6 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
 - 1952 16/4 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
 - 1953 6/2 Reykjavík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 117. gr. hegningarlaga.
 - 5/5 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
 - 11/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
 - 1954 6/9 Reykjavík. Sátt, 600 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
 - 4/12 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
 - 22/12 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
 - 1955 5/2 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
 - 20/2 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 - 24/2 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. áfengislaga.
 - 4/3 Reykjavík. Dómur: Fangelsi 3 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 247. og 244. gr. hegningarlaga.
 - 18/5 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
 - 4/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 20. nóvember 1955, kl. 04.00, var tilkynnt á lög-

reglustöðina hér í bæ, að árekstur hefði orðið á gatnamótum Skot-húsvegur og Suðurgötu. Héldu lögreglumenn þegar á staðinn. Höfðu bifreiðarnar R 5855 og R 7573 rekizt saman á framangreindum gatnamótum. Bifreiðinni R 5855 hafði verið ekið vestur Skot-húsveg, en bifreiðinni R 7573 norður Suðurgötu á hægri vegar-helmingi. Framendar bifreiðanna höfðu rekizt saman og skemmdir orðið talsverðar á báðum bifreiðum. Við athugun lögreglu-mannanna kom í ljós, að hægri framaurlíf bifreiðarinnar R 7573 var mikið dælduð, vatnskassahlíf beygluð, högghlíf að framan bogin og rispuð, vélarhúspak dældað, ljósker hægra megin brotið. Skemmdir á bifreiðinni R 5855 höfðu orðið þær, að vinstri framaurlíf var mikið dælduð, högghlíf laus og beygluð, vélarhúspak og hlíf dælduð og úr skorðum, vatnskassahlíf beygluð, ljósker vinstra megin brotið, vatnskassi hafði gengið inn og sennilega skemmt, fremri rúða hægra megin á bifreiðinni var brotin, og sennilegt var, að fleiri skemmdir hefðu orðið á henni. Menn þeir, er verið höfðu í bifreiðinni R 5855, ákærðu í máli þessu, þeir Eggert Kristjánsson og Gunnar Kristinn Hansen, voru báðir farnir á brott, er lögreglan kom á vettvang. Eftir stutta leit fannst ákærði Gunnar Kristinn í garði skammt frá árekstrarstaðnum. Var allur framburður hans mjög á reiki, enda var hann að sögn lögreglunnar mjög ölvaður. Kvað hann ákærða Eggert hafa ekið bifreiðinni. Ákærði Gunnar Kristinn hafði hlotið einhver meiðsli. Var gert að þeim á læknavarðstofunni, en síðan var hann færður í fangageymslu lögreglunnar. Ákærði Eggert náðist ekki til yfirheyrslu fyrr en kl. 10.10 daginn eftir. Í ljós kom, að bifreiðin R 5855 hafði verið tekin í heimildarleysi, þar sem hún stóð við Hlégarð í Mosfellssveit. Hafði eigandi bifreiðarinnar, Friðrik Alex-andersson, Laugarnesvegi 78, verið á dansleik á framangreindum stað og skilið bifreiðina eftir. Var hægri framhurð bifreiðarinnar ólæst. Er áreksturinn varð, var myrkur. Færi var þurrt. Yfirborð vegarins á árekstrarstaðnum er malbikað og fast. Samkvæmt uppdrætti af slysstaðnum er bifreiðin R 5855 komin hálf inn í gatnamótin. Er byrjað að sveigja henni áleiðis suður Suðurgötu. Bifreiðin R 7573 er hægra megin á Suðurgötu, aðeins ókomin að gatnamótunum.

Ákærðu hafa skýrt frá því, að þeir hafi drukkið sig ölvaða að kvöldi 19. nóvember s.l. hér í bæ. Um kvöldið kváðust þeir hafa farið í leigubifreið upp að Hlégarði í Mosfellssveit, þar sem þeir hugðust vera á dansleik.

Er uppeftir kom, létu þeir leigubifreiðarstjórann fara á brott. Klukkan var orðin rúmlega 23.30 og búið að loka samkomuhús-

inu. Dvöldu þeir þarna nokkra stund án þess að fá aðgang. Verður nú rakinn framburður ákærðu um það, er gerðist.

Ákærði Eggert hefur skýrt frá því, að þeir hafi nú þurft að komast aftur til Reykjavíkur. Ákærðu gengu að nokkrum bifreiðum til að athuga, hvort þær væru læstar. Reyndist svo vera með allar, þar til þeir komu að bifreiðinni R 5855. Var hún ólæst. Fór ákærði inn í bifreiðina og settist undir stýri. Ákærði Gunnar Kristinn settist við hlið ákærða í framsæti. Ákærði kveðst hafa verið talsvert mikið drukkinn, en þó minna en ákærði Gunnar Kristinn. Ákærði Eggert setti svo hreyfil bifreiðarinnar í gang og ók til Reykjavíkur. Ákærði kvað þá ákærða Gunnar Kristin hafa komið sér saman um töku bifreiðarinnar. Ákærðu neyttu báðir áfengis í bifreiðinni og höfðu lokið við áfengi það, er þeir höfðu meðferðis, er áreksturinn varð. Ákærði Eggert ók nokkuð um Reykjavík, síðan suður í Hafnarfjörð og aftur til Reykjavíkur. Ekkert kom fyrir hann í akstrinum, unz áreksturinn varð á gatnamótum Skothúsvegar og Suðurgötu. Lýsir ákærði svo tildrögum hans, að hann hafi komið akandi vestur Skothúsveg með um 40 km hraða að gatnamótunum. Var ákærði byrjaður að beygja til vinstri, er hann sá bifreiðina R 7573. Hemlaði þá ákærði, en það var þá orðið um seinan, og skullu bifreiðarnar saman. Er ökumaður bifreiðarinnar R 7573 hafði orð á því að kalla á lögregluna, hljóp ákærði brott.

Ákærði Gunnar Kristinn Hansen hefur skýrt frá því, að ákærðu hefðu farið að athuga bifreiðar á staðnum, er þeir komust ekki inn á dansleikinn. Bifreiðin R 5855 var ólæst og fóru ákærðu inn í hana. Á bifreiðinni var að sögn ákærða „fastur sviss“, og tókst auðveldlega að koma henni í gang. Ákærði kvaðst gera sér það ljóst, er rannsóknarlögreglan yfirheyrði hann, að þeir hefðu tekið bifreiðina að ófrjálsu. Fyrir dómi breytti hann þessu. Kvaðst hann hafa verið það drukkinn, að honum hafi ekki verið það ljóst, að þeir tóku bifreiðina að ófrjálsu. Ákærði Eggert ók bifreiðinni til Reykjavíkur, síðan suður í Hafnarfjörð og aftur til Reykjavíkur. Ákærði kvaðst við áreksturinn hafa kastast á framrúðu, er brotnaði. Síðan kastaðist hann út úr bifreiðinni. Fór hann út um dyrnar á bifreiðinni, að hann sagði, en hurðin mun hafa opnast, er áreksturinn varð. Ákærði kvaðst hafa reynt að forða sér á braut eftir áreksturinn eða réttara sagt ákærði Eggert að forða honum. Tókst það ekki, og náði lögreglan ákærða.

Vitnið Guðmundur Jónasson, Lækjarbug í Blesugróf, hér í bæ, ökumaður bifreiðarinnar R 7573, hefur skýrt frá því, að hann hafi, rétt áður en áreksturinn varð, komið akandi af Melatorgi inn á

Suðurgötu. Stöðvaði hann þar bifreið sína á eystri vegjaðri eða hægri vegarhelmingi. Vitnið ætlaði svo áfram norður Suðurgötu. Var það nýfarið af stað og var að aka bifreiðinni í áttina yfir á vinstri vegarhelming, er það vissi ekki fyrr til en bifreiðin R 5855 kom á ofsahraða af Skothúsvegi inn í gatnamótin. Vitnið hemlaði, en engum togum skipti, að framendar bifreiðanna skullu saman. Vitnið fór út úr bifreið sinni og sömuleiðis ökumaður bifreiðarinnar R 5855. Var hann greinilega með áhrifum áfengis. Vitnið kveðst hafa séð, að maður, er sat í framsæti bifreiðarinnar R 5855, hafði kastast á framrúðu bifreiðarinnar og hlotið af meiðsli á höfði. Vitnið reyndi að halda ökumanni bifreiðarinnar R 5855 á staðnum, en það tókst ekki. Voru báðir mennirnir farnir á brott, er lögreglan kom á vettvang. Annar mannanna, ákærði Gunnar Kristinn, fannst í garði skammt frá árekstrarstaðnum, en hinn maðurinn, sem var ákærði Eggert, ekki.

Eigandi bifreiðarinnar R 5855, Friðrik Alexandersson, Laugar-nesveg 78, hér í bæ, hafði lagt bifreiðinni við Hlégarð í Mosfells-sveit, þar sem hann var á dansleik umrædda nótt, eins og áður greinir. Hann hefur gert kröfu til þess, að ákærðu verði refsað fyrir óheimila töku bifreiðarinnar.

Það er nægilega sannað með játningu ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærðu tóku í umrætt skipti bifreiðina R 5855 í heimildarleysi, þar sem hún stóð við Hlégarð í Mosfells-sveit. Varðar þetta atferli þeirra við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er sannað með játningu ákærða Eggerts og öðrum gögnum málsins, að hann ók bifreiðinni ölvaður og eftir að hafa verið sviptur ökuleyfi ævilangt leið þá, er að framan greinir. Enn fremur er sannað, að ákærði ók bifreiðinni vestur Skothúsveg með ólöglegum hraða og ógætilega. Þykir hann með þessum akstri sínum hafa orðið í öllum verulegum at-riðum valdur að árekstri við bifreiðina R 7573. Þá hvarf ákærði á brott af slysstað án þess að gera lögmæltar ráðstafanir. Með þessu atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 20. gr., 1. mgr. 23. gr., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. og 29. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 svo og við 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 9. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og við 37. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Refsing ákærða Eggerts þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, með því að um ítrekað brot hans er að ræða.

Ákærði hefur verið sviptur ökuleyfi ævilangt. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga sbr. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærða Gunnars Kristins þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi með hliðsjón af sakavottorði hans.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi gegn ákærðu í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði Eggert Kristjánsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði Gunnar Kristinn Hansen sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1956.

Nr. 146/1956. Ákærvaldið

gegn

Friðriki Alexanderssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Birting ákæruskjals. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinum kærða úrskurði hefur verið skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða með kæru 31. október þ. á., sbr. 10. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar, sbr. 124. gr. sömu laga.

Ákærði kom sér úr landi í júnímánuði s.l., og er að sögn nú skipverji á skipi í Canada. Gögn málsins bera hins vegar ekki með sér, hver muni vera dvalarstaður ákærða